

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Dalvíkurbyggð.

1. gr.

Sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (urðunar- og sorphreinsigjald).

2. gr.

Sorphirðugjaldið er lagt á hverja íbúð í lögsagnarumdæmi Dalvíkurbyggðar og er það innheimt með fasteignagjöldum eða á annan hátt eftir því sem við verður komið og þá með sömu gjalddögum og fasteignagjöld.

Búrekstraráðilum er gefinn kostur á að greiða sérstaklega fyrir ílát undir búrekstrarúrgang, flutning hans og förgun samkvæmt gjaldskrá þessari. Þá er lagt á búfjáreigendur sérstakt gjald til að standa straum af kostnaði við förgun dýraleifa og tekur gjaldið mið af því að það standi undir kostnaði við förgunina.

3. gr.

Sorphirðugjaldið og úrvinnslugjald á endurvinnslustöð á Dalvík er sem hér greinir:

- a) Íbúðir, sorphirðugjald, kr. 31.982.
- b) Gjöld vegna úrgangs sem tekið er á móti í endurvinnslustöð eru eftirfarandi:
Fyrir áætlað lámárgangsmagn allt að 100 kg eða 1,5 m³ skal greiða móttöku- og flutningsgjald kr. 3.051 og urðunargjald kr. 3.682 eða samtals kr. 6.733.
Fyrir hvert kíló umfram 100 kg greiðist samtals móttöku- og flutningsgjald 31 kr. og 37 kr. urðunargjald og fyrir hvern 1,5 m³ umfram 1,5 m³ bætist 3.051 kr. móttöku- og flutningsgjald og 3.682 kr. urðunargjald.
- c) Ekki er tekið gjald fyrir móttöku á flokkudum úrgangi sem ber úrvinnslugjald, þar má nefna: pappambúðir, plastambúðir, hjólbarða, heyrulluplast, ýmis spilliefni og úrelt ökutæki.
- d) Íbúar Dalvíkurbyggðar þurfa ekki að greiða móttökugjald fyrir úrgang sem tengdur er venjulegum heimilisrekstri á endurvinnslustöð á Dalvík.

4. gr.

Úrvinnslugjald vegna úrgangs frá búrekstri og dýraleifa er eftirfarandi:

- a) 240 lítra tunna fyrir almennan úrgang losað tvisvar í mánuði 22.095 kr./ár.
- b) 360 lítra tunna fyrir almennan úrgang losað tvisvar í mánuði 29.460 kr./ár.
- c) 240 lítra endurvinnslutunna losað einu sinni í mánuði 10.942 kr./ár.
- d) Gjald fyrir eyðingu dýraleifa er lagt á heildarfjölda hvernar búfjártegundar samkvæmt búfjárefirlitsskýrslu og er eftirfarandi:

Nautgripir 735 kr./grip	Sauðfé og geitfé 130 kr./grip
Hross 200 kr./grip	Grisir 482 kr./grip

5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar, er staðfest samkvæmt heimild í 8. gr. samþykktar um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000, samkvæmt lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, ásamt síðari breytingum, og öðlast nú þegar gildi.

Jafnframt fellur fyrri gjaldskrá um sorphirðu í Dalvíkurbyggð nr. 259/2014 úr gildi.

Sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (urðunar- og sorphreinsigjald).

Nr. 1292

22. desember 2014

Samþykkt á fundi umhverfisráðs 5. desember 2014.
Samþykkt á fundi sveitarstjórnar 16. desember 2014.

Dalvíkurbyggð, 22. desember 2014.

Bjarni Th. Bjarnason sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 16. janúar 2015